

**Starfsleyfi fyrir álver Norðuráls h.f.
k.t. 570297-2609 á Grundartanga**

1 ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 300.000 tonnum af fljótandi áli á ári í kerskálum álvers Norðuráls hf k.t. 570297-2609 hér eftir tilgreint sem rekstraraðili, á Grundartanga og fyrir vinnslu í steypuskála álversins á Grundartanga.
- 1.2 Rekstur álversins skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Með vísan til 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 785/1999 skal rekstur Norðuráls hf. vera í samræmi við bestu fánlegu tækni sem völ er á í kerskálum, málmsteypu og hreinsivirkjum þeim tengdum til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi þessu. Tækninni hefur verið lýst skv. ákvæðum tilskipunar um mengunarvarnir og eftirlit nr. 96/61/ESB og skilgreind í tilmælum nr. 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (PARCOM).

- 1.3 Rekstraraðili skal senda tilkynningar og skýrslur sem fram koma í starfsleyfi þessu til Umhverfisstofnunar og afrit til Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.
- 1.4 Komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hætta á skaðlegum áhrifum sem ekki var áður ljós skal Umhverfisstofnun, að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd, halda fund með rekstraraðila og leita lausna til úrbóta. Í framhaldi af slíkum viðræðum skal Umhverfisstofnun gera tillögur til ráðherra um endurskoðun starfsleyfis tel.
- 1.5 Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef fyrirhugað er að stöðva eða draga úr starfsemi verksmiðjunnar til að minnka framleiðslu fljótandi áls. Þetta skal gert með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara þegar þessi ákvörðun liggur fyrir.
- 1.6 Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við Umhverfisstofnun og bera ábyrgð á samskiptum rekstraraðila við stofnunina vegna eftirlit með mengunarvörnum innan fyrirtækisins.
- 1.7 Þynningarsvæði álversins vegna flúoríðloftmengunar, sbr. 22. gr. reglugerðar um loftgæði nr. 787/1999, með síðari breytingum, er tilgreint á uppdrætti í viðauka 1. Miðað skal við að styrkur flúoríðs á gróðurtímabilinu fari ekki yfir $0,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$ utan þynningarsvæðisins til að tryggja hefðbundnar landbúnaðarnytjar utan þess.
- 1.8 Þynningarsvæði vegna loftmengunar af völdum brennisteinsdíoxíðs skal vera hið sama og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga sem er tilgreint á

upprætti í viðauka 1. Innan þess er heimilt að styrkur brennisteinsdíoxíðs fari yfir mörk til verndunar vistkerfa.

- 1.9 Rekstraraðili skal á tveggja ára fresti halda kynningarfund um umhverfismál álversins. Rekstraraðili skal boða á fundinn fulltrúa umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnunar, Náttúruverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, sveitarstjórna Akranesbæjar, Borgarbyggðar, Innri-Akraneshrepps, Skilmannahrepps, Hvalfjarðarstrandarhrepps, Kjósarhrepps og Kjalarnesshrepps og íbúasamtaka á svæðinu. Á fundinum skal kynna aðilum varnir gegn mengun ytra umhverfis, árangur í mengunarvörnum og niðurstöður mælinga og umhverfisvöktunar.
- 1.10 Hætti rekstraraðili framkvæmdum og/eða starfsemi á gildistíma starfsleyfis skal fyrirtækið loka flæðigryfjum, skila spilliefnum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í grein 2.3.2, til spilliefnamóttöku, fjarlægja hættuleg efni og ganga frá lóð, efnum, vélum, tækjum og búnaði sem tengjast starfseminni í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar. Sama gildir við lok starfsleyfis verði það ekki framlengt eða verði leyfið fellt úr gildi.
- 1.11 Leiði tækniþróun á vegum rekstraraðila til endurnýjunar tækjabúnaðar umfram það sem fjallað er um í þessu starfsleyfi skal rekstraraðili tilkynna Umhverfisstofnun þær breytingar með góðum fyrirvara sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.
- 1.12 Önnur starfsleyfisskyld starfssemi sem kann að verða rekin á vegum Norðuráls hf. í tengslum við þann rekstur sem tilgreindur er í grein 1.1 skal rekin í samræmi við starfsreglur fyrir viðkomandi starfsemi frá heilbrigðisnefnd Vesturlands.

2 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1 LOFT

- 2.1.1 Rekstraraðili skal gera ráðstafanir til að draga úr losun mengunarefna. Mengunarvarnabúnaður skal ætíð vera í notkun. Rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið frá tilteknum uppsprettum, að undanskildum útblæstri frá kerskálum og þurrhreinsibúnaði þar sem ákvæði greinar 2.1.6 gilda, skal vera minna en 50 mg/Nm^3 miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.
- 2.1.2 Hönnun á þekjum og afsogsbúnaði frá rafgreiningarkerum og skipulag við opnun kera skal miðast við að minna en 1,0% af kergasi sleppi út í kerskála. Við rekstur keranna skal uppfylla kröfur um útblástursmengun sem fram koma í grein 2.1.6. Einungis skulu notuð forbökuð rafskaut í rafgreiningarkerum.
- 2.1.3 Súralsflutningar, mötun á ker og fjöldi spennurisa skal vera með þeim hætti að ryk og kergas sem sleppur út í kerskála verði í lágmarki. Miða skal við að spennuris séu undir 0,2 á hvern kerdag.
- 2.1.4 Reyksöfnunarkerfið í eldri hluta verksmiðjunnar (fyrsti og annar áfangi) skal í venjulegum rekstri rekið með nægilegum afköstum til að ná að jafnaði um 6000 Nm^3/klst af hverju ker. Í nýjum skálum skal reyksöfnunarkerfið, rekið með

nægilegum afköstum til að unnt sé að tvöfalda sog á þeim kerum þar sem kerþekja er opnuð. Að minnsta kosti ársfjórðungslega skal skrá meðalopnun kera yfir sólarhring (þekjumínútur/kerdag).

- 2.1.5 Ryk og loftkennt flúoríð í afsogslofti frá rafgreiningarkerum skal hreinsað með súráli og pokasíum. Súrál frá pokasíu skal notað til vinnslu í rafgreiningarkerum. Hönnun hreinsistöðva skal vera með þeim hætti að hreinsun uppfylli ákvæði greinar 2.1.6 jafnvel þótt ein eining hreinsistöðvar sé tekin úr sambandi.
- 2.1.6 Eftir fyrsta starfsár hvers áfanga upp að 180 þúsund tonna framleiðslu skal magn mengunarefna í útblásturslofti (hreinsuðu gasi frá kerum og ræstilofti frá kerskála) ekki vera yfir neðangreindum mörkum:

Mengunarefni	Ársmeðaltal	Skammtímameðaltal*
	kg/t Al	kg/t Al
Heildarflúoríð	0,6	0,8
Ryk	1,0	1,3
Brennisteinstvíoxíð	21,0	28,0
*Skammtímameðaltal er skilgreint í töflu í grein 3.1 eða í áætlun samþykktri af Umhverfisstofnun.		

Eftir að framleiðsla er komin umfram 180 þúsund tonna ársframleiðslu skal magn mengunarefna í útblásturslofti (hreinsuðu gasi frá kerum og ræstilofti frá kerskála) ekki vera yfir neðangreindum mörkum:

Mengunarefni	Ársmeðaltal	Skammtímameðaltal*
	kg/t Al	kg/t Al
Heildarflúoríð	0,5	0,8
Ryk	1,0	1,3
Brennisteinstvíoxíð	21,0	21,0
*Skammtímameðaltal er skilgreint í töflu í grein 3.1 eða í áætlun samþykktri af Umhverfisstofnun.		

Útblástur skal ætíð vera í samræmi við ofangreind mörk við reglubundna endurnýjun og gangsetningu kera.

Ef gangsetning kera í eldri hlutum verksmíðjunnar sem ekki hafa verið nýtt, fer fram á vaxtar- og beitatíma sem er á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, skal útblástur takmarkast af skammtímameðaltali, sbr. töfluna hér að ofan. Við útreikning skammtímameðaltals skal miða við það magn af áli (tonn/ár) sem gert er ráð fyrir að framleiða að lokinni gangsetningu. Utan vaxtar- og beitatíma er heimilt að gangsetja ker til að nota ónýtta framleiðslugetu óháð skammtímameðaltali.

- 2.1.7 Ef mengun mælist yfir skammtímameðaltali þrjá mánuði í röð eða yfir ársmeðaltali í eitt almanaksár skal Norðurál hf., í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd innan eins mánaðar áætlun um að draga úr útblástursmengun. Ef útblástur uppfyllir ekki enn skilyrði greinar 2.1.6 skal Umhverfisstofnun krefjast frekari aðgerða til úrbóta og fylgja þeim eftir samkvæmt ákvæðum VI. kafla nr. 7/1998, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990.

- 2.1.8 Innihald brennisteins í eldsneyti skal vera í samræmi við gæði eldsneytis sem selt er á íslenskum markaði.
- 2.1.9 Rekstraraðili ber að senda Umhverfisstofnun árlega skýrslu um innihald brennisteins í rafskautum og eldsneyti sem fyrirtækið notar.
- 2.1.10 Ef rafskaut með nægilega lágu innihaldi brennisteins til þess að standast útblástursmörk samkvæmt grein 2.1.6 eru ekki fánæg á samkeppnishæfu verði á heimsmarkaði skal starfsleyfið endurskoðað.
- 2.1.11 Löndunar- og flutningskerfi fyrir súrál til kerskála álversins skal vera lokað þannig að súrálstryk sem berst til umhverfisins verði í lágmarki. Uppskipun á öðrum efnum skal fara fram í samræmi við gildandi reglur um meðhöndlun slíkra efna.

2.2 VATN

- 2.2.1 Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum, og ákvæði í lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum, þannig að ákvæði reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns sé uppfyllt. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um ráðstafanir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Allur hreinsibúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar eða hafa hlotið viðurkenningu Umhverfisstofnunar.
- 2.2.2 Seyru og annan úrgang í hreinsibúnaði fráveitu skal fjarlægja eftir þörfum og skal henni komið fyrir á viðurkenndum förgunarstað í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang og 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum.
- 2.2.3 Kælivatn frá afriðlum og steypuskála má leiða til sjávar óþynnt, enda uppfylli það eftirfarandi skilyrði: Olía og feiti < 15 mg/l Leita ber samþykkis Umhverfisstofnunar á efnasamböndum sem notuð eru í kælikerfum. Sjó má hafa í kælikerfum og til annarra iðnaðarnota og veita aftur í hafið. Fráveitur með sjó skulu uppfylla allar losunarkröfur vatns. Ferskvatn sem nýtt hefur verið til kælingar má veita aftur í ferskvatn í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.
- 2.2.4 Yfirborðsvatn frá stöðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni geti borist í það skal leitt um sandföng og olíuskiljur.
- 2.2.5 Kælivatn leitt frá lokuðu kælikerfi frá steypuskála má leiða til sjávar og skal það uppfylla eftirfarandi kröfur eftir meðhöndlun:

pH		6-9
ál	<	20 mg/l
flúoríð	<	50 mg/l
svifagnir	<	50 mg/l

2.3 ÚRGANGUR SEM FELLUR TIL VIÐ FRAMLEIÐSLUNA OG ANNAR ÚRGANGUR

- 2.3.1 Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002 og nýta endurnýtanlegan hluta hans, svo sem brotajárn, einangrun úr kerum, bakskaut, forskaut, kolefnisríkt ryk og úrgang sem inniheldur ál í miklum mæli. Skila skal skýrslu um þessa skráningu árlega.
- 2.3.2 Leyfilegt er að koma sérstökum föstum úrgangi, sem ekki verður nýttur, fyrir í fyllingum, flæðigryfjum, við ströndina í nágrenni verksmiðjunnar (urðunarstaður). Slíkur fastur úrgangur er m.a. kerbrot, óendurnýtanlegur málmSORI, kola- og súralsryk og byggingarefni. Staðsetning slíkra fyllinga skal ákveðin í samráði við Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og hafnaryfirvöld á staðnum. Fyllingin skal varin ágangi sjávar. Hlutar af fyllingu þar sem förgun er lokið skulu huldur þekjuefni sem fellur inn í umhverfið. Sérstakan úrgang sem getur dreifst með vindi skal þekja án tafar eða farga með öðrum hætti. Hindra skal aðgang almennings að förgunarstað. Fyrir mitt ár 2003 skal rekstraraðili vera búinn að skila inn mati á núverandi urðunarstað í samræmi við kröfur Hollustuverndar og tilskipun Evrópusambandsins frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (1999/31/EB). Á grundvelli þessa mats verður metið hvort núverandi tilhögun förgunar sé ásættanleg til frambúðar. Ef núverandi förgunarleið er ekki ásættanleg samkvæmt ofangreindu mati skal ný förgunarleið vera tiltæk fyrir mitt ár 2009.
- 2.3.3 Almennum framleiðsluúrgangi, sorpi og umbúðum skal skilað á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Urðun, önnur en tilgreind er í grein 3.2, og opin brennsla til förgunar hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.
- 2.3.4 Spilliefnum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í grein 2.3.2, og verða til við vinnsluna eða starfsemi henni tengdri skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

2.4 HÁVAÐI

- 2.4.1 Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni og tryggja að hávaði sé í samræmi við mörk í reglugerðar um hávaða nr. 933/1999, með síðari breytingum.

3 MÆLINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

3.1 Rekstraraðili skal framfylgja eftirfarandi mæliáætlun til eftirlits með mengun:

Mengunarefni	Mælistaður	Tímabil meðaltals	Mælieining	Tíðni sýnatöku
Lofukennt flúoríð	Hreinsað kergas í reykháfi	Mánuður	kg F/t Al	Stöðug í einum reykháfi frá hverri hreinsistöð.
Flúoríð í ryki	Hreinsað kergas í reykháfi	Árleg marktæk mæling	kg F/t Al	Árleg úr einum reykháfi, nægilega stór sýnaröð til að fá tölfræðilega marktækt gildi.
Ryk	Hreinsað kergas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Stöðug í einum reykháfi frá hverri hreinsistöð.
Brennisteinstvíoxíð	Hreinsað kergas í reykháfi	Mánuður	kgSO ₂ /t Al	Stöðug í einum reykháfi frá hverri hreinsistöð.
Lofukennt flúoríð	Ræstiloft frá kerskála í þaki skála	Mánuður	kg F/t Al	Samfellt mæling á dæmigerðum stöðum.
Flúoríð í ryki	Ræstiloft frá kerskála	Árleg marktæk mæling	kg F/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi.
Ryk	Ræstiloft frá kerskála	Árleg mæling á marktækum breytum, útreikningar	kg/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi.
Ryk annað en frá þurrhreinsibúnaði	Tilteknar uppsprettur	Marktæk mæling	mg/Nm ³	Óregluleg.
Kælivatn	Afriðlar og steypuskáli	Marktæk mæling	mg /l	Tvisvar á ári.

Mæliáætlun og mæliaðferðir skulu endurskoðaðar á tveggja ára fresti óski rekstraraðili eða Umhverfisstofnun eftir slíkri endurskoðun.

Rekstraraðili skal, í samvinnu við Umhverfisstofnun, láta taka viðmiðunarsýni af völdum lífverum í fjöruborði við kerbrotagryfjur til að meta hugsanleg áhrif þeirra á lífríki a.m.k. tvisvar á áætluðum notkunartíma hvernar gryfju og a.m.k. einu sinni eftir að notkun lýkur. Niðurstöður fyrstu mælinga skulu liggja fyrir innan 5 ára frá því að förgun kerbrota hefst. Eftirlit með kerbrotagryfjum skal endurskoða í framhaldi af endurskoðun á lögum og reglugerðum um förgun úrgangs og þá sérstaklega eftirlit með uppsöfnun yfir lengri tíma.

Rekstraraðili skal, í samvinnu við Umhverfisstofnun, gera yfirlit yfir þær hávaðauppsprettur sem kunna að valda hávaða yfir leyfilegum mörkum, sbr. grein 2.4.1, utan iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Kortlögð skal dreifing hávaða frá starfseminni í samræmi við framangreint yfirlit. Ef gerðar eru meiriháttar breytingar sem geta haft áhrif á hávaða, skal endurmeta dreifingu hans frá álverinu.

3.2 Til þess að mæla stöðugt lofkennt flúoríð, ryk og brennisteinstvíoxíð skal koma fyrir sjálfvirkum mælitækjum í minnst einum reykháfi í hverri hreinsistöð. Hanna ber viðunandi aðstöðu til mælinga á flúoríðgasi í ræstilofti úr kerskála.

- 3.3 Komið skal upp viðunandi aðstöðu til að hafa eftirlit með mengunarmælingum. Rekstraraðili ber ábyrgð á mælingum samkvæmt grein 3.1 og þar sem við á, grein 5.2.
- 3.4 Skrá skal þann tíma þegar hreinsivirki álvers eru ekki í rekstri eða vinna á lægri afköstum ásamt útreikningum á losun mengunarefna þess vegna og skulu þær upplýsingar fylgja í skýrslu rekstraraðili sbr. gr. 3.7.
- 3.5 Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun ef niðurstöður mælinga samkvæmt 3.1 samræmast ekki kröfum í samkvæmt starfsleyfi og staðfesta slíkar upplýsingar skriflega innan sjö daga frá því að niðurstöður hafa verið sannreynðar. Niðurstöður mælinga og efnagreininga skulu varðveittar í eitt ár hið minnsta þannig að gögn séu rekjanleg til grunnniðurstaðna og skulu öll gögn vera aðgengileg Umhverfisstofnun.
- 3.6 Umhverfisstofnun skal yfirfara niðurstöður mælinga á útblæstri frá álverinu og mæliaðferðir rekstraraðila. Slíkt endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en árlega. Umhverfisstofnun eða viðurkenndur þriðji aðili skal framkvæma nákvæma úttekt á losun mengunarefna frá verksmiðjunni samkvæmt ákvæðum 12. gr. reglugerðar um mengunarfaraeftirlit nr. 786/1999, með síðari breytingum.
- 3.7 Ársfjórðungslega skal rekstraraðili senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga á útblæstri í samræmi við gr. 3.1. Niðurstöður mælinga skulu skráðar í sömu einingum og notaðar eru í grein 2.1.6., 2.2.3. og 2.2.5
- 3.8 Rekstraraðili skal a.m.k. árlega efna til fundar með Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands til þess að gera grein fyrir niðurstöðum mengunarmælinga samkvæmt grein 3.1, rekstri þurrhreinsibúnaðar og öðrum málum tengdum mengunarförum.

4 EFTIRLIT MEÐ REKSTRI

- 4.1 Rekstur, þjónusta og viðhald kera, þekja og þurrhreinsibúnaðar skal vera í samræmi við áætlanir rekstraraðili. Þær skulu vera aðgengilegar fyrir Umhverfisstofnun.
- 4.2 Hafa skal sérstakt herbergi fyrir eftirlit með þurrhreinsistöðvum.
- 4.3 Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun innan 24 klukkustunda um hvers konar bilun eða stöðvun í þurrhreinsibúnaði fyrir kergas sem varir lengur en 1 klukkustund og kemur í veg fyrir að búnaðurinn geti sogað og hreinsað a.m.k. 80% af kergasi frá hverjum kerskála. Ef talið er að mengun vegna slíkrar bilunar eða stöðvunar fari fram úr skammtímameðaltali á einni viku samkvæmt ákvæðum í grein 2.1.6, reiknað fyrir einn mánuð, getur Umhverfisstofnun krafist úrbóta og skal fylgja þeim eftir í samræmi við VI kafla laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990.
- 4.4 Viðmiðunarmörk fyrir hávaða og losun mengunarefna í vatn og loft skulu gilda við eðlilegar rekstraraðstæður. Til eðlilegra rekstraraðstæðna teljast mengunartoppur og önnur frávik sem teljast til eðlilegra sveiflna í rekstrinum,

þ.m.t. þegar notað er óheppilegt hráefni. Kröfurnar gilda einnig þótt upphafleg virkni búnaðar sem dregur úr mengun hafi minnkað vegna slits.

- 4.5 Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þáttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi. Fyrirtæki skal færa grænt bókhald og skila inn útstreymisbókhaldi fyrir mengunarefni í samræmi við ákvæði laga og reglugerða þar um.

5 UMHVERFISVÖKTUN

- 5.1 Rekstraraðili skal standa fyrir samfelldum mælingum á styrk flúoríðs í andrúmslofti og árlegum mælingum á flúoríði í vatni, gróðri (grasi, laufi og barri) og í beinum grasbíta í nágrenni álversins. Rekstraraðili skal, ásamt öðrum hlutaðeigandi á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, taka þátt í reglubundnum mælingum á SO₂ og ryki í andrúmslofti og SO₄²⁻ og sýrustigi (pH) í úrkomu, vatni og jarðvegi. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt. Við staðsetningu fastra mælistöðva skal einnig gert ráð fyrir mælistöðvum sunnan Hvalfjarðar.
- 5.2 Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi iðnrekenda á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.
- 5.3 Rekstraraðili skal semja og senda Umhverfisstofnun árlega skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt grein 5.1.

6 GJÖLD OG KOSTNAÐUR

- 6.1 Starfssemi Norðurál h.f. samkvæmt starfsleyfi þessu er flokkuð í 1. flokk samkvæmt fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, með síðari breytingum. Rekstraraðili skal greiða Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gildandi gjaldskrá Umhverfisstofnunar.
- 6.2 Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni álversins samkvæmt grein 3.1 og 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

7 ENDURSKOÐUN

- 7.1 Starfsleyfi þetta skal endurskoða reglulega samhliða starfsleyfum annarra álvera í samræmi við 20 gr. reglugerðar 785/1999, ef breyting verður á rekstri í samræmi við ákvæði 18.gr. og ef forsendur breytast í samræmi við ákvæði 21. greinar sömu reglugerðar.

8 GILDISTAKA

- 8.1 Starfsleyfi þetta, sem er veitt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, með síðari breytingum. sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar starfsemi hefst í nýjum kerskála álversins (áfangi 3) og gildir til 1. júní 2020

Reykjavík 24.febrúar 2003

Umhverfisstofnun

f. h. D.E
Sigrúneyrög Gíladóttir

Helga Þorsteinsdóttir

Víðauki 1

